

# **Skýrsla námsgagnasjóðs 2008-2009**

**Menntamálaráðuneyti  
2009**

Lög um námsgögn voru samþykkt á Alþingi 28. mars 2007. Markmið laganna var að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Lögin kveða á um stofnun námsgagnasjóðs og þróunarsjóðs námsgagna, auk þess að fjalla um Námsgagnastofnun.

Námsgagnasjóður hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til viðbótarfé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Með tilkomu sjóðsins hafa skólastjórnendur nú aukið svigrúm til námsgagnakaupa til viðbótar við úrval Námsgagnastofnunar. Áfram er öllum skólum úthlutað kvóta til kaupa á námsgögnum hjá þeim. Eina breytingin sem tilkoma sjóðsins hefur breytt varðandi Námsgagnastofnun er sú að hún er nú hætt að afhenda ókeypis til skólanna efni frá öðrum útgefendum. Skólarnir annast það nú sjálfir.

Framlag til námsgagnasjóðs er ákveðið í fjárlögum ár hvert og var framlagið árið 2007, samtals 100 milljónir kr. og sama upphæð var á árinu 2008. Eftir setningu laganna fór fyrsta úthlutun úr sjóðnum fram í nóvember 2007.

Sjóðurinn starfar skv. reglugerð um sjóðinn nr. 1111/2007, þar sem kveðið er á um að greiðsla fyrir hvern grunnskóla sé innt af hendi til rekstraraðila grunnskóla í maímánuði ár hvert og tekur greiðsla fyrir hvern skóla mið af *fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla* skólaárið á undan, skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands, en heimilt er að ívilna fámennum skólum. Auk þess segir í reglugerð að grunnskólar skuli láta sjóðsstjórn í té skilagrein á rafrænu formi um ráðstöfun úthlutunar eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Heimild er til þess í reglugerð að fella niður úthlutun til þeirra skóla sem skila ekki inn skilagrein.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins. Í stjórn er formaður sem er tilnefndur af menntamálaráðherra, einn af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Eftirfarandi stjórn er skipuð til 30. júní 2011:

*Aðalmenn:*

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður, án tilnefningar,  
Hanna Hjartardóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands, varaformaður,  
Eiríkur Hermannsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

*Varamenn:*

Guðni Olgeirsson, án tilnefningar,  
Þórður Árni Hjaltsted, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands,  
Helga Guðmundsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.


Um skilgreiningu á því hvað skólum er heimilt að kaupa fyrir fjármagn úr námsgagnasjóði hefur stjórn sjóðsins aðallega haft að leiðarljósi það sem kveðið er á um í reglugerð, þ.e. námsgögn sem samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Námsgögn séu keypt frá lögaðilum og óheimilt er að kaupa tæki og búnað. Skólastjórnendur og stjórn voru í fyrstu úthlutunum að vinna með skilgreiningarvanda um hvaða námsgögn væru gjaldgeng en ágæt reynsla er nú að koma á skilagreinar.

Umsýsla sjóðsins er í menntamálaráðuneyti og starfsmaður sjóðsins er Erla Ósk Guðjónsdóttir. Menntamálaráðuneytið lét hanna rafrænan grunn vegna skilagreinnanna. Grunnurinn hefur verið í þróun og nú eftir skil skóla fyrir tímabilið 2008-2009 er í fyrsta sinn hægt að kalla fram ýmsar upplýsingar sem hefur ekki verið hægt fyrr. Hver skóli er síðan með notendanafn og lykilorð. Færa þarf í grunninn heiti námsgagns, söluaðila, tegund, námsgrein og upphæð, fyrir hvert tímabil sem er frá 30. apríl til 30. apríl ár hvert. Stjórn sjóðsins fer síðan yfir skilagreinar og þeim færslum sem ekki eru taldar gjaldgengar í sjóðinn er eytt. Fjármagn sem einstakir skólar nýta ekki yfirferist á milli ára. Stjórn sjóðsins er heimilt, skv. reglugerð að taka úthlutun af þeim skólum sem skila ekki skilagrein, en stjórnin ákvað í fyrra að nýta ekki þessa heimild í því skyni að gefa skólum tíma til að læra inn á ferlið. Gleðiefni er að allir þeir skólar sem fengu úthlutun í fyrra skiluðu inn umræddri skilagrein nú í ár.

Enn er unnið að hönnun og umbótum rafræna grunnsins. Greiningarvinna verður að skoðast með fyrirvara um að verið er að vinna í að sníða af vankanta í skilagreinum og vegna skýrari skilaboða í framtíðinni til skólastjórna.


**Skipting fjármagns eftir söluaðilum:** Skólavefurinn ehf. var með 35% færslna og A4 Skólavörubúðin 28%. Þessir tveir aðilar eru með eins og sjá má hér að neðan umtalsverða yfirburði meðal söluaðila.

Söluaðilar	Upphæð	Fjöldi færslna
Skólavefurinn ehf.	24.158.479	582
A4 Skólavörubúðin	19.156.491	883
Forlagið-JPV útgáfa	9.444.175	217
Penninn	8.768.819	308
Iðnú-bókaútgáfa	3.331.135	107
Eymundsson	3.307.707	224
Stoðkennarinn	2.767.524	85
Bókaútgáfan Hólar ehf.	2.030.435	60
Námsgagnastofnun	1.971.783	72
Barnasmiðjan ehf.	1.955.858	54
Forlagið	1.780.969	26
Jón Norland	1.672.748	30
Rasmus ehf.	1.619.767	51
Barnabókaútgáfan	1.570.283	66
Edda-útgáfa hf.	1.465.851	62
Skrudda ehf.	1.457.073	58
Prentleikni ehf.	1.154.322	12
<b>Samtals</b>	<b>87.613.419</b>	*



**Skipting fjármagns eftir tegund.** Mestur hluti færslna voru fyrir kennslubækur, en skólar nýttu sér sjóðinn til kaupa á áskriftum að ýmsum vefsíðum og má þar t.d. nefna Skólavefinn og kennsluvefinn Rasmus.


Tegund	Upphæð	Fjöldi færslna
Kennslubók	70.204.806	2268
Vefsíða	21.962.660	561
Annað	15.442.335	713
Forrit	7.892.793	137
Handbók	7.726.489	486
Sérkennslugögn	4.986.085	275
Landakort	1.740.149	29
<b>Samtals</b>	<b>129.955.317 *</b>	



**Skipting fjármagns eftir námsgreinum.** 41% færslna féllu í flokkinn Annað, en nú hefur grunninum verið breytt þannig að sú færsla er skilyrt.

Námsgreinar	Upphæð	Fjöldi færslna
Annað	53.237.714	1700
Íslenska	32.710.648	1062
Erlent tungumál	16.766.905	554
Stærðfræði	6.981.059	265
Sérkennsla	4.316.902	304
Samfélagsgreinar	3.726.791	115
Listgreinar	3.269.429	120
Upplýsinga- og tæknimennt	3.032.769	70
Náttúrufræði og umhverfismennt	2.712.770	144
Lífsleikni	1.649.162	65
Íþróttir- líkams- og heilsurækt	649.347	24
Hönnun og smíði	539.600	19
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði	279.236	16
Heimilisfræði	82.984	11
<b>Samtals 129.955.316 *</b>		

*\*Tekið skal fram að rafræni grunnurinn gaf skólum tækifæri til að færa inn fyrir meiri upphæð en þeir áttu, þannig að heildarsamtala fjármagns er ekki marktæk, m.v. heildarúthlutun, en gefur samt sem áður einhverja mynd af skiptingu þess.*



Skólastjórnendur hafa almennt fagnað auknu svigrúmi til námsgagnakaupa og talið það verulega til hagsbóta fyrir skólastarf enda býður tilkoma sjóðsins upp á að tryggja nemendum fjölbreyttari námsgögn.

Reykjavík, 2. september 2009

F.h. stjórnar námsgagnasjóðs

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður